

110. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Ragna Halldórsdóttir, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Yngvar Halldórsson og Guðmundur B. Friðriksson

Staður og stund: Sorpa, Gufunesi þann 15. júní 2009 kl.15:20.

Þetta gerðist

1. Verkefni næsta starfsárs.

Framhald frá síðasta stjórnarfundum við greiningu helstu verkefna næsta starfsárs:

- a. RH kynnti póst frá Helgu Jóhönnu varðandi kynningu á FENÚR á ráðstefnu Samtaka tæknimanna sveitarfélaga (SATS) í haust. RH mun biðja Helgu að senda Erlendi póst um að fá að kynnna fagráðið á ráðstefnu SATS.
- b. Hausráðstefna með FUMÍ. Ákveðið að skipa GTÓ og GBF í undirbúningshóps f.h. FENÚR. Halda þarf fyrsta undirbúningsfund fyrir sumarfrí og ljúka undirbúningi í ágúst og september. Samband sveitarfélaga heldur rástefnu í haust um úrgangsmál. Rætt um að halda hausráðstefnuna samhliða þ.a. þátttakendur geti nýtt ferðina. GTÓ og GBF kynni niðurstöður fyrsta fundar með FUMÍ á næsta stjórnarfundum fagráðsins, 24. ágúst nk.
- c. Önnur verkefni geymd til næsta fundar vegna lélegrar mætingar.

2. Flokkunarmerki FENÚR

RH lagði fram tillögu að merkjum fyrir raftæki, fimm merki. Breytingum á merkjum ræddar. Merki með ljósaperum verði með halógenperu og flúrperu. Merki fyrir sjónvörp og skjái verði með LCD skjá og túbuskjá. Merki fyrir stór raftæki verði með eldavél og merki fyrir raftæki verði með kló og tveim smærri raftækjum (útbvarpi og hárbلاسara). Merki fyrir tölvur verði með fartölvu og turn.

3. Aðalfundur ISWA

Rætt um aðalfund ISWA næsta haust. Ragna mun skrá sig. Ákveðið að sækja um styrk til umhverfisráðuneytisins.

4. Heimsókn til umhverfisráðherra

Heimsækja þarf nýjan umhverfisráðherra til að kynna fagráðið. Rætt um að kynna fagráðið samhliða styrkumsókninni.

Fundi slitið kl. 16:00

Fundarritari: Guðmundur B. Friðriksson